

**Ed.**

**956. Frumvarp til laga**

[252. mál]

um fjarskipti.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 459 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ríkið hefur einkarétt á að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti, svo og að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

Ráðherra sá sem fer með fjarskiptamál getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki, þó ekki í atvinnuskyni að því er varðar fjarskiptin sem slík. Leyfið skal veitt um ákveðinn tiltekinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum sem ástæða þykir til í hverju tilviki.

3. gr. hljóðar svo:

Ríkið hefur einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki eða hluta þeirra.

Einkaréttur ríkisins skv. þessari grein nær þó ekki til notendabúnaðar.

Hver sá, sem flytur inn eða smíðar notendabúnað er tengja á við fjarskiptakerfi ríkisins, skal fyrirfram fá yfirlýsingu Póst- og símamálastofnunarinnar um að hver og ein tegund eða gerð tegundar notendabúnaðar eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur, sem gilda um notendabúnað á hverjum tíma.

Innflytjandi eða framleiðandi skal ætíð sjá til þess, að fyrir hendi séu varahlutir og viðhaldsþjónusta fyrir þann búnað, sem hann flytur inn eða smíðar. Ennfremur skulu þeir, sem annast uppsetningu og tengingu notendabúnaðar, hafa til þess tilskilin réttindi, sem nánar skulu skilgreind í reglugerð, er ráðherra setur.

Póst- og símamálastofnunin skal ætíð hafa til sölu allan almennan notendabúnað.

Nú synjar Póst- og símamálastofnunin um viðurkenningu notendabúnaðar og skal hún þá láta fylgja synjuninni tilvitnun í þá reglugerð sem synjunin er byggð á. Sá sem synjun fær getur skotið henni til þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu málskotsaðila, annar eftir tilnefningu Póst- og símamálastofnunar, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

Kostnað við málskot úrskurðar ráðherra og greiðist hann að jöfnu af málskotsaðila og Póst- og símamálastofnuninni.

Ráðherra setur reglugerð um tilhögun málskots, svo og um nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.